

ingarhlutfall skv. 4. gr. vera 3% með einu barni, 7% með tveimur börnum og 9% með þremur börnum eða fleiri.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í A-lið 69. gr. og 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 29. desember 2000.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Ólafur Páll Gunnarsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag og ógildingu deiliskipulags í Reykjavík.

Fossaleyfir/Víkurvegur, knattspyrnuhús.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, með síðari breytingum, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 31. október 2000, deiliskipulag fyrir svæði sem afmarkast af Víkurvegi í vestur, Fossaleyfi í suður, gamla Korpúlfsstaðaveginum í austur og útivistarsvæði til sérstakra nota í norður. Tillagan gerir ráð fyrir að byggt verði fjölnota íþróttahús ásamt bílageymslu og gert verði æfingarsvæði á reitnum.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Áland, umferðartakmarkanir, ógilding deiliskipulagsbreytingar.

Í samræmi við úrskurð úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála, dags. 30. nóvember sl., um breytingu á deiliskipulagi í Fossvogi (vegna umferðartakmarkana um Áland), samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur, þann 17. febrúar 2000, tilkynnist að breytingin, sem öðlaðist gildi með birtingu auglýsingar þar um, þann 10. mars 2000, er úr gildi fallin.

Reykjavík, 21. desember 2000.

Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri Reykjavíkur.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Reykjavík og Kópavogi.

Reykjanesbraut við Mjódd, deiliskipulag, umferðarskipulag.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, með síðari breytingum, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 10. október og bæjarráð Kópavogs, þann 7. september 2000, deiliskipulag sem tekur til Reykjanesbrautar milli Höfðabakka (Stekkiabakka) og Breiðholtsbrautar auk gatnamóta Reykjanesbrautar, Breiðholtsbrautar og Nýbýlavegar annars vegar og gatnamóta Reykjanesbrautar, Höfðabakka og Smiðjuveggar hins vegar.